

Reglugjörð

106

2. nóv

fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl.

I. kafli.

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905, hefir sýslunefndin yfirstjórn allra fjallskilamála, en hreppsnefndir annast alla stjórn og framkvæmd á þeim.

2. gr.

Hreppsnefndir geta hver í sínum hreppi eða upprekstrarfjelagi, gjört nákvæmari ákvarðanir um fjallskil í einstökum atriðum. Þó má eigi þar með raska reglugjörð þessari, og skulu hreppsnefndir gæta þess, að farið sje í öllum atriðum eftir ákvæðum hennar.

II. kafli.

Um smölun og fjárgæslu á vorum.

3. gr.

Allir þeir, sem jörð hafa til ábúðar, eru skyldir að smala heimalönd sín á vorum, eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Þar sem heimalönd eru viðattumikil hálsa- og fjallalönd, er búast má við, að margir úr upprekstrarfjelinu eigi fjárvon í mega hlutaðeigandi hreppsnefndir skipa fyrir um, að nágrannar og aðrir, sem þar eiga fjárvon, hjálpi til við smölunina, eftir því sem hreppsnefndum þykir sanngjarnt vera. Hreppsnefndir hafa og vald til að láta göngur fara fram á afrjettum, ef þörf gjörist.

4. gr.

Verði einhver ber að því að smala illa, eða alls ekki, heimaland sitt ákveðinn smölunardag, hefir hreppsnefnd vald til að setja tilsjónarmann við smölun hans, eða láta framkvæma hana hvorttveggja á hans kostnað.

5. gr.

Þegar alment er hætt að hýsa fje á vorum, hefir hreppsnefndin vald til, svo fje manna sleppi ekki í ullu til afrjettar, að skipa vörð fyrir framan bygðir

106 á hentugum stöðum, fram að rúningstíma. Skal vörðurinn haldinn á kostnað fjárf-
 2. nív. eigenda þeirra í upprekstrarfjelaginu, sem hlutaeigandi hreppsnefnd eða hrepps-
 nefndir álíta að not hafi varðarins. Nú nota tveir eða fleiri hreppar sama afrjett,
 en ein hreppsnefndin eða tvær, ef fleiri eiga hlut að máli, vill ekki taka tiltölu-
 legan þátt í varðkostnaðinum, hefir þá sú hreppsnefnd, sem sett hefir vörðinn,
 vald til að selja eigendum í hinum hreppnum eða hreppunum allt það fje, er kem-
 ur af varðstöðvunum, þegar því er smalað eftir ákvörðun hreppsnefndar, ofan til
 3 eða fleiri, ef svo til hagar, af fremstu bæjum í upprekstrarfjelaginu. Hið sama
 gildir um fje innanhreppsmanna, sem eigi taka þátt í varðkostnaðinum.

Gjald þetta má aldrei yfirstíga 50 aura fyrir hverja kind í ullu, og 50 au.
 fyrir ómarkað lamb.

Sömu ákvæði gilda um vorgöngur á afrjettalöndum.

6. gr.

Það sauðfje, sem sloppið hefir úr löndum eigenda, eða kemur fyrir svo
 fjærri eigendum, þegar rúning fer fram eða er afstaðin, að það getur ekki kom-
 ist til skila í bæjarekstrum, er finnandi skyldur að hirða, ef unt er; skal hann
 rýja fje og marka ómörkuð lömb í votta viðurvist, ef hægt er. Gjöri hann eig-
 anda full skil á ullinni, og grein fyrir marki, kyni og öðrum einkennum á hverri
 kind, er hann rýr eða markar. Fyrir ómak sitt ber finnanda borgun, sem eigi
 má þó yfirstíga 20 aura fyrir að rýja kind, og 20 aurar fyrir að marka lamb.

III. kafli.

Um rekstur til afrjetta.

7. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að dilkær og geldfje, þegar það er komið úr
 ullu, svo og stóðhross, sje rekið til afrjetta svo tímanlega að vorinu, sem árferði
 og aðrar kringumstæður leyfa. Áður en fráfernälömb eru rekin á afrjett, skal
 sitja þau heima eigi skemur en 3 sólarhringa, þó má hreppsnefnd eftir atvikum
 veita undanþágu frá því, ef nefndarmenn allir verða á eitt sáttir. Reka skal á
 miðjan afrjett, nema hreppsnefnd hafi öðruvísi ákveðið. Sjeu víðlend heimalönd
 notuð til upprekstrar, skal reka þangað, sem búsmali sist gengur, og með leyfi
 landeiganda. Þannig skal reka gegnum heimalönd manna, að sem minstur bagi
 verði að. Aldrei má án leyfis eigenda reka fjenað annara manna til afrjetta
 nema víst sje, að afrjett arfjenaður sje.

Enginn má reka stóðhross á afrjett fyrri en hreppsnefnd hefir ákveðið, eða
 oddviti fyrir hennar hönd.

8. gr.

106

2. nív.

Hver sem heimildarlaust rekur fjenað sinn, sem á afrið á að fara, í annars land til beitir um sumar, hvort heldur það er heimaland, fjallland eða afriðtarland, greiði skaðabætur til landráðanda eftir mati hreppsnefndar í þeim hreppi, er landráðandi á heima í. Mati þessu má skjóta til hlutaðeigandi sýslu-nefndar.

9. gr.

Enginn má hafa stóðhross geldfje eða dilkær í heimahögum nema hrepps-nefnd og nágrannar leyfi; en neiti nágranni um leyfið, skal eigandi ábyrgjast, að fjenaðurinn gjöri þeim engan skaða.

Nú eru stóðhross eigi rekin til afriðtar eftir skipun hreppsnefndar, skal hún þá láta reka þau á kostnað eiganda. Verði einhver fyrir ágangi af stóð-hrossum, sem eru í óskilum í heimahögum að sumrinu; annaðhvort af því, að þau hafa alls ekki verið rekin til afriðta, eða þá fyrri en hreppsnefnd hefir ákveðið, má taka þau í gæslu og gjöra eigendum aðvart, innan tveggja sólarhringa, um að leysa þau út gegn gæslukaupi, 10 aura fyrir hvert hross um sólarhringinn, auk ómakslauna fyrir tilkynninguna, sem borgist um leið og hrossanna er vitjað.

Vitji eigendur ekki hrossa sinna innan þriggja sólarhringa, frá því þeir fengu tilkynninguna, er geymenda heimilt að reka þau til þeirra á kostnað þeirra. Skal hreppsnefnd þess hrepps, þar sem geymandi á heima, meta og ákveða kostnað þennan sem og borgun fyrir tilkynninguna.

10. gr.

Ef stóðhross eða sauðfje gengur úr afrið á sumrum, skal sá, er fyrir ágangi verður, gjöra hreppsnefndaroddvita aðvart um það, og skipar hann þá fyrir um rekstur þess til afriðtar. Enginn má reka fjenað þann, er úr afrið gengur, til sveitar eða á nágranna. Kostnaður við rekstra þessa borgist að $\frac{1}{4}$ hluta af landráðanda, en að $\frac{3}{4}$ úr sveitarsjóði eða sveitarsjóðum upprekstrarfjelagsins, tiltölulega við það er hver hreppur leggur til sameiginlegra fjallskila.

Ef fleiri upprekstrarfjelög eiga upprekstrarland í sameiningu, skal kostnaðurinn við rekstra þessa, að svo miklu leyti, sem hann á að greiðast úr sveitarsjóði, borgast úr hlutaðeigandi sveitarsjóðum, eftir tölu þeirra hrossa, sem í upprekstrar eða afriðtarlandið eru rekin.

Þó hafa hlutaðeigandi hreppsnefndir heimild til að gjöra um þetta sjerstaka samninga.

Nú þykir hreppsnefnd eða hreppsnefndum eins upprekstrarfjelags ástæða til að losa sveitarsjóð við rekstur hrossa á sumrum til afriðtar og riðtun þeirra á haustum. Skal þá hreppsnefnd eða hreppsnefndir, hafa vald til að jafna honum niður á stóðhrossaeigendur eftir tölu stóðhrossa, sem að vorinu eru rekin á afriðti eða fjalllond þau, sem liggja innan takmarka upprekstrarfjelagsins, eða skylt er á afrið að reka. Niðurfjörðun þessi skal gjörð eftir staðfestri framtals-skýrslu frá hreppstjóra, en stóðhrossaeigendur skulu skyldir til á vorhreppaskil-

106 um, að gjöra hreppstjóra fullnægjandi grein fyrir tölu stóðhrossanna. Undanskil-
2. nív. in gjaldi þessu eru stóðhross, sem að sumrinu til eru seld á markaði.

Ágreiningsatriðum útaf fyrir mælum greinar þessarar skal skjóta til endilegra úrslita sýslunefndar.

11. gr.

Eigi má ónáða fjenað á afrjettum, og eigi heldur, nema með leyfi hreppsnefndar, taka þaðan fje eða hross, nema málnytupeningur sje, tamin hross eða söluhross.

IV. kafli.

Um fjallskil.

12. gr.

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi, og hver sem á hross á afrjetti, hvort heldur er búandi eða búlaus. Skal hver leggja til fjallskila, á þann hátt, er hreppsnefnd ákveður. Hreppsnefnd skal meta allan fjallskilakostnað upprekstrarfjelagsins til peningaverðs, og jafna honum á alla upprekstrarskylda sauðfjár- og hrossaeigendur upprekstrarfjelagsins. Skal þá jafnt auratal lagt á hvert hross, sem á 3 kindur, en sjeu ær reknar á afrjett, skulu hverjar 2 þeirra metnar til fjallskila jafnt og 3 væru.

Skyldur er hver húsbóndi, að inna fjallskil af hendi fyrir hjú sín og aðra heimamenn, gegn endurgjaldi frá fjenaðareiganda.

13. gr.

Skyldur er hver maður að gjöra fjallskil á þann afrjett, og á þau lönd sem liggja til leitar að lögrjett eða aukarjettum þeim, sem liggja í því upprekstrarfjelagi, sem fjáreigandi á heimili í. Nú notar einhver til uppreksturs annan afrjett eða heimaland, en þar, sem honum ber upprekstur, skal hann þá gjöra þar fjallskil tiltölulega að hálfu móts við fjallskil annara í því upprekstrarfjelagi. Auk þess skal hann eftir sömu reglu vera fjallskilaskyldur í því upprekstrarfjelagi, þar sem hann er búsettur.

Ef eitthvert upprekstrarfjellag, eða einhver maður á og notar afrjettarland, sem öðru upprekstrarfjelagi ber að leita, samkvæmt þessari grein, skal það eða hann gjöra þar full fjallskil eftir fjenaðarfjölda þeim, sem rekinn er á afrjettarlandið samkvæmt sömu reglum og fjenaðareigendur upprekstrarfjelags þess, er leita ber. Þó hafa hlutaðeigandi hreppsnefndir heimild til að gjöra um þetta sjerstaka samninga. Sá er notar land utan upprekstrarfjelags síns, skal hafa tilkynt það hreppsnefndinni í þeim hreppi þar sem hann á heima, áður en 12 vikur eru af sumri.

Í tilkynningu þessari sje fjenaðurinn greinilega sundurliðaður.

14. gr.

106

2. nív.

Þar sem tveir eða fleiri hreppar nota sama afrjett, skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir eiga fund með sjer eigi síðar en í 17. viku sumars, til að semja um, hvernig fjallgöngum skuli haga. Oddviti í þeim hreppi, þar sem aðalrjett stendur, kveður til þessa fundar. Skal þá hver hreppsnefnd leggja fram skýrslu um tölu fjár og stóðhrossa manna í hreppnum að vorinu, staðfesta af hreppstjóra, og fer eftir því, hve marga menn hreppur leggur til í göngurnar.

15. gr.

Nú eiga nokkrir fjáreigendur að gjöra fjallskil í öðrum hreppi en þeim, er þeir eru búsettir í, skal þá hreppsnefndin, þar sem þeir eru búsettir, senda hreppsnefnd, er hlut á að máli, skýrslu um fjáreign slíkra manna eftir vorfram-tali, áður en 14 vikur eru af sumri.

16. gr.

Fjallgöngur skulu hvert haust að minsta kosti tvennar, en í Viðidalsfjalli og á Sauðadal þrennar. Jafnframt afrjettum skal í fyrri og seinni göngum, smala til rjettar afskekt og viðlend heimalönd, er afrjettarþjenaður gengur í að jafnaði.

Gangnadagana er stranglega bannaður heimrekstur afrjettarpenings á einstaka bæji, nema með leyfi hlutaðeigendi hreppsnefndar.

Leiki grunur á að fje hafi orðið eftir á afrjettum, hefir hreppsnefnd vald til að fyrirskipa þriðju göngur, eða ráða menn í þær, gegn endurgjaldi af sveitar-sjóðnum eða sveitarsjóðum þar sem tveir eða fleiri hreppar nota sama upprekstr-arland; þar sem þannig stendur á, skal hreppsnefndin í þeim hreppi, er næst liggur afrjetti, annast um göngur þessar, gegn endurgjaldi af sveitarsjóðum upp-rekstrarfjelagsins.

Hreppsnefndir hafa vald til að láta fara fram eftirleitir á afrjettalöndum, viðlendum heimalöndum og fjallöndum, og skulu þær leitir, ef unt er, afstaðnar fyrir hausthreppaskil. Um eftirleitir þessar gilda sömu reglur og um þriðju göng-ur, sem borgaðar eru af sveitarsjóði.

17. gr.

Allri skylduvinnu og öðrum kostnaði við fjallskil, skal hreppsnefnd jafna niður á fjenaðareigendur í tæka tíð. Aðfinningar við niðurjöfnunina skal bera upp skriflega fyrir oddvita hreppsnefndarinnar fyrir 20. október, og fer um þær eftir því, sem fyrir er mælt um útsvarskærur í 39. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nív. 1905.

18. gr.

Hreppsnefndin eða kjörinn maður úr nefndinni, er nefnist fjallskilastjóri, kveður hreppsþúa með gangnaboði til fjallskila, nægum tíma áður en fjallgöngur byrja. Í gangnaboðinu skal nákvæmlega taka það fram, er hverjum ber að leggja

106 til fjallskila það haust. Ef einhver vanrækir að gjöra þau fjallskil, sem hann er
2. nðv. kvaddur til, skal hann borga þau eftir mati hreppsnefndar. Auk þess varðar
það sektum, er hækka ef brotin eru ítrekuð.

Ekkert má fyrirskipa í gangnaboðinu, er getur komið í bága við full-
tryggjandi fjárskil eða ákveðin rjettahöld innan sýslu.

19. gr.

Hreppsnefnd eða hreppsnefndir hlutaðeigandi upprekstrarfjelags skipa
einn duglegan aðalgangnastjóra fyrir hvern gangnaflökk. Gangnastjórinn skal
skipa fyrir um tilhögun gangna og hafa alla stjórn á þeim. Skal hann sjá um að
fjársofnin sjeu rekin með reglu til rjettar og kveðja menn til að gæta safnsins uns
vökumenn hafa tekið við því. Hver gangnamaður, er skyldur, að hlýða gangna-
stjóra sínum. Öll óhlýðni við skipanir hans varðar sektum.

20. gr.

Gangnastjóri skal annast um, að farið sje svo vel sem unt er með fje og
hross í göngunum. Ef kindur koma fyrir, sem ekki verður komið lifandi til
rjettar, skal slátra þeim og taka úr þeim innýfli, en flytja þær að öðru leyti til
rjettar. Finnist dauð kind í göngunum, skal hún á sama hátt flutt til rjettar ef
nýtileg er. Ef hross einhverra orsaka vegna geta ekki gengið til rjettar, eða ef
hross drépst í göngunum eða finst fyrir skömmu dautt, skal hreppsnefnd þegar
tilkynnt það er komið er til bygða, er þá lætur sækja það og flytja til rjettar á
kostnað sveitarsjóðs eða sveitarsjóða upprekstrarfjelagsins sje eigandi skepnunnar
innan sýslu.

Sama ákvæði gildir um kindur, er finnast dauðar fleiri saman.

21. gr.

Nú hafa fjáreigendur ráð á fleiri mönnum, hefir þá hreppsnefnd eða fjall-
skilastjóri vald til að kveðja til gangna þann, sem hæfastur er, svo og til hvers
annars starfa, er útheimtist til góðra fjallskila. Ef einhver sendir mann í göng-
ur, sem gangnaforingi sannar með vottorðum tveggja gangnamanna að hafi reynst
óhæfur eða ófullnægjandi gangnamaður, er hann skyldur að borga gangnaskilin
að öllu leyti.

Borgun fyrir vanrækslu á fjallskilum má verja til að kaupa mann til
fjallskilanna, ella falli hún í sveitarsjóð eða sveitarsjóði upprekstrarfjelagsins.

Reynist einhver óhæfur eða ófullnægjandi gangnamaður, skal gangnastjóri
skyldur að kæra það fyrir hlutaðeigandi hreppsnefnd. Launa má gangna-
stjóra sanngjarnlega, annaðhvort með ívilnun í gangnaskilum eða af sveitarsjóð-
um upprekstrarfjelagsins, en vanræki hann skyldur sínar, varðar það sektum.

22. gr.

Ef fjáreigandi hefir engan hæfan mann til fjallskila og getur eigi útveg-
að hann, skal hann tilkynna það skriflega hreppsnefnd eða fjallskilastjóra 6 dög-

um áður en fjallgöngur byrja, en hreppsnefnd eða fjallskilastjóri útvegar mann **106**
eða annað sem vantar, svo sem hesta eða fæði, og borgar þá fjáreigandi sekta- 2. nív.
laust allan þann kostnað, sem af fjallskilunum leiðir, án tillits til mats á þeim.

23. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um, að koma upp hentugum skýlum fyrir gangnamenn á afrjettum þar sem þess er þörf, og skal kostnaður sá, er af þeim leiðir, greiðast af sveitarsjóðum upprekstrarfjelagsins.

V. kafli.

Um hreinsun heimalanda og fjárgæslu á haustum.

24. gr.

Hver búandi eða landráðandi er skyldur að hreinsa heimaland sitt á haustum svo oft sem hreppsnefnd fyrirskipar, þótt hann eigi þar ekki fjár von sjálfur, og gilda um það fyrirmæli 3. greinar.

25. gr.

Hreppsnefnd eða fjallskilastjóri skal skipa fyrir um reglulegar heimalandsgöngur jafnframt hverjum fjallgöngum. Skulu göngur þessar fara fram undir umsjón manns, er hreppsnefnd skipar, með samlægum búenda eftir því sem best hagar á hverjum stað og með samtökum við næstu sveitir þar sem það á við.

Allan fjenað, er kemur fyrir, skal reka skilvíslega til rjettar þeirrar, er hann á að ganga til, af ábúendum þeim, er heimalöndin tilheyra. Verði ágreiningur um hvert fjenaður skuli ganga, sker sýslunefndin úr því eða oddviti hennar til bráðabirgða.

26. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að eftir rjettir á haustum sjeu öll heimalönd rækilega smöluð sama dag viku, og að rekstrar gangi þá eftir töfludrætti bæ frá bæ, nema hreppsnefnd álíti annað haganlegra.

27. gr.

Á haustum eftir rjettir, þangað til fje alment er tekið til hýsingar, hafa hreppsnefndir vald til að skipa samskonar verði, sem nefndir eru í 5. gr., og gilda um verði þessa sömu ákvæði og um vorverðina.

VI. kafli.

Um fjárrekstra bæja á milli haust og vor.

28. gr.

Skyldur er hver búandi að hirða fje það, er finst á heimalandi hans eftir að fjallgöngum er lokið, og reka það til næsta bæjar þá leið, sem það á að ganga. Hreppsnefndir hafa vald til að ákveða rekstrarleiðir innanhrepps og út úr hreppnum. Sleppi nokkur fjárrekstri, sem á að ganga bæ frá bæ, varðar það sektum. Hið sama gildir um fjárrekstra að vorinu.

29. gr.

Ef enginn rekstrarfær maður er heima er rekstur kemur á bæ, skal rekstrarmaður skilja úr fje það, er eftir á að verða, en reki svo reksturinn áfram til næsta rekstrarfærs manns, en skylt er þeim, er við rekstri skyldi taka, að greiða rekstrarmanni þóknun eftir álit hreppsnefndar.

VII. kafli.

Um rjettir og rjettahöld.

30. gr.

Eftir tillögum hreppsnefnda ákveður sýslunefndin hvar aðalrjett og aukarjett skal vera, sömuleiðis undir hverja aðalrjett aukarjett heyrir, og enn fremur hvern afrjett og heimalönd ganga skal til hvernar rjettar, og ráða sýslutakmörk, nema öðruvísi sje ákveðið.

31. gr.

Allir fjáreigendur eru skyldir til hver að sínum hluta að vinna að byggingu rjetta og viðhaldi þeirra, eftir því sem hreppsnefnd ákveður. Við hverja aðalrjett skulu allar jarðir í upprekstrarfjelaginu eiga nægilegt dilksrúm hver fyrir sig, eða fleiri í samlögum; eru fjáreigendur skyldir að kosta byggingu dilka og viðhald þeirra eftir rjettri tiltölu. Enn fremur skulu vera sjerstakir dilkar, einn eða fleiri, fyrir fje úr öðrum hreppum, er hlutaðeigandi hreppar byggja og viðhalda á sinn kostnað.

Þar sem hlutaðeigandi hreppsnefnd þykir við þurfa, skal upprekstrarfjelogið eiga við hverja aðalfjarrjett sjerstaka hrossarjett, er byggð sje og viðhaldið, eins og fjarrjettin, á kostnað þess.

32. gr.

106

2. nív.

Hreppsnefndir skulu sjá um að rjettir sjeu vandlega bygðar og vel viðhaldið, einnig að allir dilkar sjeu í gildu standi kveldið áður en rjettað er. Vanræki einhver að vinna að rjettar- eða dilksbyggingu, má hreppsnefnd útvega mann til þess á kostnað hans.

33. gr.

Hreppsnefndir skulu skipa duglegan rjettarstjóra við hverja aðalrjett og aukarjett, og má telja rjettarstjórna með gangnaskilum. Rjettarstjóri skal vera kominn til rjettar í tæka tíð hvern rjettardag. Skipar hann fyrir hvernig fjárdrætti skal haga og heldur mönnum til starfa. Hann bannar stranglega alla óreglu, er veldur hindrun við rjettarstörf. Sýni nokkur í rjettinni óhlýðni gegn skipunum hans, varðar það sektum.

34. gr.

Rjettarstjóri skal skipa áreiðanlega menn til að rannsaka fje utansveitarmanna, áður en það er rekið frá rjettinni. Hreppsnefnd eða fjallskilastjóri skal við hvert dilksfjélag skipa dilkstjóra til að vera rjettarstjóra til aðstoðar við rjettarstörf. Enginn má hleypa út úr dilk fyrir en rjettarstjóri leyfir, enda sje þá alt fje komið í rjett og fjárdrætti því nær lokið.

35. gr.

Rjettarstjóri annast um, að ómörkuð lömb sjeu hirt í rjettinni og dregin í dilk sjer, svo að eigendum gefist kostur á að láta lambsmæður helga sjer þau. Að afloknum fjárdrætti selur hreppstjóri alla ómerkinga, er eigi hafa fundið mæður. Við aukarjett má engan ómerking selja. Þó nær ákvæði þetta ekki til Landsendarjettar eða Mjóadalsrjettar. Enginn má helga sjer marklausa kind af fjárbragði sínu. Rjettarstjóri kveður menn til að skoða úrtíning vandlega eftir markaskráum í fyrstu sem síðari rjettum, og mega þeir ekki yfirgefa þann starfa fyrir en lokið er. Allir fjáreigendur skulu gæta þess, að fje þeirra verði eigi eftir í úrtíningi. Þegar búíð er að skoða úrtíning í fyrstu rjett, skal hreppsnefnd eða fjallskilastjóri í þeim hreppi, þar sem aðalrjett stendur, koma honum í gæslu milli rjetta og telst hún með gangnaskilum.

36. gr.

Frá hverri aukarjett skulu tilkvaddir menn reka úrtíning tafarlaust til aðalrjettar, svo að hann sje þangað kominn áður sundurdrætti er lokið.

37. gr.

Í rjettum má enginn marka fjenað, án þess hann jafnframt skýri fyrir rjettarstjóra hverja heimild hann hafi til mörkunarinnar. Rjettarstjóri skal samstundis rita hjá sjer mark skepnunnar, ef hún var áður mörkuð, og nafn eiganda þess marks, ef þekkist.

VIII. kafli.

Um hirðing fjár og hrossa í utanhreppsriðtum.

38. gr.

Hreppsnefnd eða fjallskilastjóri skal skipa hæfa menn til að fara í rjettir, á hreppaskil og að vera við úrtíningssölu annara sveita, þar sem helst eru fjenaðarsamgöngur, til að hirða þar fje og hross hreppsbúa sinna. Hafi sá, sem gjört er að skyldu að leggja til tjeðra starfa, engan hæfan mann til að inna þau af hendi, hefir hreppsnefnd eða fjallskilastjóri vald til að kveðja til þess hvern þann, er hæfastur er í hreppnum, annaðhvort í mannaskiftum, eða gegn fullu endurgjaldi frá þeim er skilin átti að vinna. Reynist sá, sem sendur er að hirða fjenað utanhrepps ónýtur eða ófullnægjandi til þess starfa, gilda um hann ákvæði 21. gr. um ófullkominn gangnamann.

39. gr.

Sá maður, sem sendur er, til að hirða fjenað í rjettum, á hreppaskilum, eða öðrum samanrekstrardögum annara sveita, má eigi fara þaðan, fyrri en búið er að skoða úrtíning vandlega eftir markaskrá, og selja þar sem sala fer fram. Sannist það, að hann láti þar verða eftir fje eða hross sveitunga sinna, sem er með glöggu skrásettu marki, varðar það sektum eða skaðabótum, nema málsbætur sjeu.

IX. kafli.

Um smölun, rjettun og hirðing hrossa.

40. gr.

Í síðari göngum á haustum skal ásamt fje smala stóðhrossum af afrjettum, og úr heimalöndum, og rjetta þau í síðari rjett, annaðhvort á undan eða að afloknun fjársundurdrætti. Undanþága veitist frá þessum ákvæðum, ef meiri hluti hreppsnefndar eða hreppsnefnda telur annað hagfeldara, sem þó aldrei má koma í bága við næstliggjandi upprekstrarfjelög. Auk þess skal fara fram almenn smölun á hrossum í öllum heimalöndum, fyrsta þriðjudag eftir 20. október, og fyrsta þriðjudag í mánuðunum desember og janúar, en sje sá dagur helgur eða veður banni, skal smala næsta færan dag, og skal þá, í hverjum hreppi, á slóðum þeim er hreppsnefnd ákveður, fara fram sundurdráttur á öllum hrossum, sem koma fyrir. Þau hross, sem ekki þekkjast, eða enginn hirðir, skal fara með sem óskilafje í seinni rjett sbr. 42. gr.

Hreppsnefnd skal annast um, að almennar göngur fari fram í öllum heimalöndum hreppsins, að minsta kosti til hrossarjettunarinnar í október.

41. gr.

106

2. nóv.

Meðan á rjettum stendur skal rjettarstjóri gæta þess, að hryssum gefist kostur á að helga sjer ómörkuð folöld, og skal hann kappkosta, að haga allri meðferð á hrossunum þannig að ekki hljótist slys af. Stóðhross skulu dregin sundur í aukarjettum og aðalrjettum, skal úrtíningur sá, er verður í aukarjettum, rekast tafarlaust til aðalrjettar.

X. kaflí.

Um meðferð óskilafjenaðar.

42. gr.

Eftir að tölfludrætti er lokið í seinni rjett, skal úrtíningshross og sauðfje afhenda til sölu þegar í stað hreppstjóra í hreppi, þeim þar sem aðalrjett stendur. Skal hreppstjóri skrásetja mörk, lit, aldur og auðkenni, hverrar skepnu, sem seld er, eftir lýsingu tveggja markglöggra manna, er hreppsnefnd hefir þar til kjörið, svo rjett og ákveðið sem framast má verða. Ef marklýsingamenn greinir á, sker hreppstjóri úr ágreiningnum. Marklýsingamenn fá hæfilega þóknun fyrir starfa sinn, er tekst af verði sölufjenaðarins, eftir mati hreppsnefndar. Enginn, sem ekki er öðrum háður sem hjú, getur skorast undan þeim starfa, nema hann hafi forföll.

Við sölu markaðra hrossa sje 12 vikna innlausnarfrestur eftir söludag. Hrutar, sem eftir álití hreppstjóra og marklýsenda eru hæfir til kynbóta, svo og forustufje, skal selt með 4 vikna innlausnarfresti. Að öðru leyti skal enginn innlausnarfrestur við sölu óskilafjenaðar. Skepnur þær, sem seldar eru með innlausnarfresti, eru í vöktun kaupanda, en ekki í ábyrgð hans fyr en að innlausnarfrestinum liðnum. Borgun fyrir haga og geymslu þessa fjenaðar, ber eiganda að greiða, ef innlestur er þó ekki yfir 10 aura fyrir hvert hross, og 5 aura fyrir kind um sólarhringinn. Hreppsnefndir annast innheimtu á verði alls óskilafjenaðar sem selt er, og gjöra skilagrein fyrir því, sem fylgi sveitarsjóðsreikningunum.

43. gr.

Óskilakindur þær, sem koma fyrir eftir rjettir, og ekki finnst eigandi að, eða ekki komast til eigenda sökum fjarlægðar, skal hreppsnefnd annast um, að sje geymdar til síðasta laugardags í sumri, sem skal almennur fjárskiladagur um alla sýsluna. Þær kindur, sem ekki eru hirtar þenna dag, skulu þá seldar sem óskilafje. Þær óskilakindur, sem koma fyrir eftir fjárskiladag, og þau óskilahross, sem koma fyrir eftir smölun í janúarmánuði, skal hreppsnefnd annast um, að komist til eigenda sje þeir í næstu hreppum. Annars skal það selt sem óskilafjenaður, en auglýsa ber þau uppboð.

Í hvert sinn, er óskilafjenaður er seldur með innlausnarfresti, skal hreppsnefnd, eigi síðar en með næstu ferð á eftir, senda nákvæma lýsingu á honum til

106 allra hreppsnefnda innan sýslu, og næstliggjandi hreppa utan sýslu. Skulu hreppsnefndir strax nákvæmlega yfirfara lýsingar þessar, og láta hreppsþúa sína vita, ef líkur eru til að þeir eigi nokkuð af hinum seldu skepnum.

44. gr.

Finnist óskilakind í fje manna eftir að fje er alment tekið til hýsingar, skal eiganda kindarinnar gjört aðvart um að vitja hennar, sje hann í næstu hreppum. Verði að selja slíka kind, borgast ekkert gæslukaup fyrir það, og ber sá, er kindin fanst hjá, sölukostnaðinn, nema málsbætur sjeu.

45. gr.

Fyrir lok hvers árs skal hreppsnefnd senda manni, er kosinn sje af sýslunefnd, greinilega lýsingu á öllum óskilafjenaði, er seldur hefir verið í hreppnum. Hinn kjörni maður sendir endurrit af lýsingum þessum til birtingar í Lögbirtinga-blaðinu. Í ómakslaun og prentunarkostnað ber honum 60 aurar fyrir hverja kind og hvert hross, er hreppsnefnd skal senda honum með marklýsingunum.

46. gr.

Af andvirði óskilafjenaðar, þess, sem selt verður borgist:

- a. Sölukostnaður þ. e. marklýsingagjald, sölulaun og vottalaun.
- b. Prentunarkostnaður marklýsinga.
- c. Fundarlaun eða björgunarlaun samkvæmt 47. gr.

Að öðru leyti greiðist fjenaðarverðið til eigenda, ef þeir innan septemberloka næst á eftir sanna eignarrjett sinn. Ánnars fellur verðið í sveitarsjóð eða sveitarsjóði upprekstrarfjelagsins, að rjettri tiltölu við sameiginlegan fjallskilakostnað.

XI. kafli.

Um eftirleitir einstakra manna.

47. gr.

Þegar hinum fyrirskipuðu fjárleitum í hverju upprekstrarfjelagi er lokið, skal einstökum mönnum heimilt með samþykki hreppsnefndar í þeim hreppi, er næst liggur afrjett, að gjöra eftirleitir á afrjettarlöndum upprekstrarfjelagsins, og semja um borgun fyrir slíkar eftirleitir, er greiðist af sveitarsjóðum upprekstrarfjelagsins, að tiltölu eftir sameiginlegum fjallskilakostnaði. Komi fyrir í leitum þessum fje eða hross úr öðrum sýslum, geta hreppsnefndir eftir atvikum metið sanngjörn fundarlaun fyrir skepnur þessar, sem borgist af eigendum.

Björgunarlaun þess fjár, sem næst úr ógöngum á hvaða tíma árs sem er, ákveðist af hreppsnefndinni og greiðist á sama hátt. Fyrir heiman að sloppið fje og hross, sem finst í eftirleitum, borgi eigendur eftir mati hreppsnefndar.

Skylt er að hver fjáreigandi auðkenni með marki, er eigi máist af, alt fje sitt á haustum, jafnóðum og það heimtist. Vanræki fjáreigandi að auðkenna þannig fje sitt, skal hann borga fyrir hverja kind sína, er á afrjettum finst í eftirleitum, sem heimt væri og heiman að sloppin. 106. 2. nów.

XII. kafli.

Um fjármörk og hrossamörk.

48. gr.

Fje skal draga eftir mörkum. Það er skylda hvers fjáreiganda að hafa glögt mark á öllu sínu fje, og sýslu- og hreppsþrennimörk á öllu hyrndu fje. Sýslunefnd skal svo oft sem þurfa þykir, og að minsta kosti 5. hvert ár, láta prenta markaskrá fyrir alla sýsluna. Skal sjerhver markeigandi koma marki sínu í hana og borga fyrir það, eftir því sem sýslunefnd ákveður, en hvert heimili skal fá ókeypis eitt eintak af markaskránni. Markið helgar markeiganda kind, sem markið ber, nema full sönnun komi fyrir að annar eigi. Kind, sem ekki ber rjett mark manns, er heimildarlaust að draga sjer, þótt lítið eitt vanti á fult mark. Ef kind hefir eyrnamark eins mans, en hornamark eða þrennimark annars, þá skal sá talinn eigandi, sem á hornamarkið eða þrennimarkið, og skal hann þá, ef eigandi eyrnamarksins krefst þess, gera grein fyrir hvernig hann hafi eignast hana. Kind, sem hefir eyrnamark eins manns, hornamark annars og þrennimark hins þriðja, skal talin eign þess sem þrennimarkið á. Þó geta eigendur hinna markanna krafist þess að hann gjöri grein fyrir, hvernig hann hafi eignest kindina.

Nú er kind ómörkuð eða með óglöggu marki og vill einhver eigna sjer hana af líkum, þá skal hann skýra hlutaðeigandi hreppstjóra frá. Hreppstjóri kveður þá til fjóra skynsama og óvilhalla menn, er skulu ásamt honum sjálfum skoða kindina og meta líknr þær og ástæður, er hinn hefur til síns máls. Ef þeir þá allir í einu hljóði kveða upp þann úrskurð að það sjeu miklu meiri líkur að hlutaðeigandi eigi kindina, heldur en að hann eigi hana ekki, þá má hann hirða hana sem sína eign, ella telst hún sem óskilakind. Þessi ákvæði ná eigi til ómerkinga, sem ær helga sjer. Rjett er að forustufje, sem á afrjetti gengur, hafi bjöllu eða bjöllukeng í horni.

Hross skulu eins og fje hafa glögt markeinkenni, er skráð sje í markaskrá sýslunnar. Komi hross fyrir með óglöggu marki eða skemdum eyrum, sem einhver vill helga sjer, þá gilda um það sömu reglur og fyrir er mælt í grein þessari um sauðfje með óglöggu marki.

49. gr.

Ef menn nota mörk, sem eigi eru prentuð í markaskrá sýslunnar t. d. þeir er flust hafa úr öðrum sýslum, skulu þeir lýsa mörkum sínum fyrir hreppsnefnd.

106 inni þar sem þeir eru búsettir. Mörk þessi skal hreppsnefndin skrifa upp og
 2. nðv. senda áður 10 vikur eru af sumri til hreppsnefnda í nálægum hreppum, innan
 sýslu og utan, þar sem helst eru fjársamgöngur. Þeir sem vanrækja þetta mega
 búast við að farið sje með fje þeirra sem óskilafje, og sæti þar að auki sektum.

XIII. kafli.

Um eftirlit og rekstur slátrunar- og sölufjenaðar.

50. gr.

Eftirlit skal hafa með sölu sauðfjár og hrossa eins og hjer segir: Þegar sauðfje er keypt á mörkuðum, skulu hreppsnefndir í þeim hreppum, þar sem markaðir eru haldnir, sjá um, að gætinn og markglöggur maður fylgi markaðs-höldurum eftir og skoði mörk á öllu því fje sem selt er.

Í kauptúnum skulu þeir er við fje taka til slátrunar, hafa sjerstakan mann, gætinn og markglöggan, til þess að skoða mörk á öllu því fje er hjá þeim er slátrað. Komi fyrir við þessar skoðanir á mörkuðum eða í kauptúnum kindur með óglöggum mörkum eða sem vafi getur leikið á, hvort sje rjett eign seljanda, skulu markskoðendur við votta skrifa upp aldur, lit og mark kindarinnar, svo og skýringar seljanda og senda það svo fljótt sem unt er, til hreppstjóra í þeim hreppi, þar sem seljandi á heima.

Sýslunefndin tilnefnir einn mann í hverjum hreppi sýslunnar, til þess að skoða mörk á öllum þeim hrossum, sem þar eru seld á markaði. Komi upp vafi um eyrnamark eða eignarrjett, skal fara með það eins og áður er fyrir mælt um sauðfje.

Borgun til þeirra manna, er skoða fjármörkin í sveitunum, greiðist úr hlutaðeigandi sveitarsjóðum, en til þeirra er skoða hrossamörk, úr sýslusjóði. Þeir er fje taka til slátrunar kosta sjálfir þann mann sem mörkin skoðar.

51. gr.

Alt fje í sölufjárrekstrum skal vera með skýru rekstrarmerki, er sje svo glögt að það sjáist tilsýndar í björtu, og svo traust, að það máist ekki af þótt votviðri gangi.

52. gr.

Svo skal rekstrum haga að sem minstur bagi verði að, þeim er þau lönd eiga, sem um er rekið eða í er áð. Varast skal að rekstrar lendi saman við annað fje. Eigi má halda áfram með rekstra úr því farið er að skyggja, nema brýna nauðsyn beri til, svo má og aldrei leggja upp með rekstra fyr en markljóst er orðið.

53. gr.

106

2. nów.

Nú ber svo við, að öðru fje lendir saman við rekstur; skal þá strax á næsta bæ við það er rekstrarmenn eða aðrir hafa orðið þess varir, draga það fje úr rekstrinum, og gæta þess vandlega að engin kind verði eftir, er eigi á í honum að vera; skal þá sem endranær, er viðstaða verður og rekstrarfjeð dreifir sjer til muna, telja rekstrarfjeð. Enginn sem á bænum er viðstaddur og til þess er fær, má skorast undan að kanna rekstur með rekstrarmönnum, og ber yfirmanni rekstrarins að greiða þóknun eftir úrskurði sýslumanns ef á greinir, en aðgang á hann að eigendum fjárins með þá borgun, ef honum hefir eigi sjálfum verið um að kenna. Sjá skulu rekstrarmenn um að fje það, er saman við hefir komið, komist í áttuga sína, eigendum kostnaðarlaust.

54 gr.

Verði rekstrarmenn sannir að því að hafa tekið fje annara í rekstur heimildarlaust skal rekstrarstjóri bæta eigendum það að fullu, eftir samkomulagi, eða eftir mati óvilhallra manna, sem sýslumaður kveður til þess, ef með þarf. Sannist það að slíkt hafi verið gert af skeytingarleysi, varðar það auk þess sektum.

55. gr.

Hvort sem rekstrarmenn eru fleiri eða færri, skal ávalt einn vera yfirmaður, er annist um að þessum rekstrarreglum sje hlýtt, og ber hann ábyrgð á því gagnvart þeim, er kynni að kæra, en hann á aftur aðgang að rekstrarmönnum sínum, ef þeim er um að kenna.

XIV. Kaflí.

Almenn ákvæði.

56. gr.

Ef meirihluti búenda í upprekstrarfjelagi samþykkir á almennum sveitarfundi, að setja vörð eða girðingu til að varna því að stóðhross gangi á sumrum úr afrjetta- og fjallöndum í búfjárhaga manna, skal hreppsnefnd eða hreppsnefndum upprekstrarfjelagsins heimilt, að setja reglur um slíkan vörð eða girðingar, þar sem nákvæmlega er mælt fyrir um alla tilhögun varðarins eða girðingarinnar, og skal kostnaði, sem af þessu leiðir, jafnað niður á stóðhross upprekstrarfjelagsins, sem ber að reka á afrjett, og önnur hross, sem á afrjettinn eru rekin. Skulu reglur þessar berast undir sýslunefnd til staðfestingar, og ef sýslunefndin samþykkir þær, öðlast þær gildi sem bindandi samþykkt fyrir hlutaðeigandi upprekstrarfjelað um næstu 5 ár frá staðfestingu.

Eigi má svelta fjenað við rjettir nje í rekstrum frekar en minst verður hjá komist; eigi má heldur misþyrma honum á nokkurn hátt í fjallgöngum, rekstrum til heiðar, bæjarekstrum eða heimalandasmölun; sjerstaklega er bannað að hundbeita fjenað í rekstri eða smölun að óþörfu. Brot gegn þessu varða 5—50 kr. sektum, nema þyngri hegning liggi við.

Brot gegn reglugjörð þessari varðar 5—80 kr. sekt, nema þyngri hegning liggi við eftir lögum. Skal uppljóstrarmaður, ef nokkur er, hljóta helming af sektafjenu, en hinn helmingurinn falli í sveitarsjóð eða sveitarsjóði hlutaðeigandi upprekstrarfjelds.

Með mál þau, er rísa útaf brotum gegn reglugjörð þessari, skal farið sem opinber lögreglumál; þó má, ef hlutaðeigendur koma sjer saman um það, skjóta einstökum ágreiningsatriðum til endilegra úrslita sýslunefndarinnar.

Með reglugjörð þessari er numin úr gildi reglugjörð fyrir Húnavatnssýslu um fjallskil og fleira frá 19. júní 1905, og þær breytingar, sem síðar hafa verið á henni gjörðar.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög. nr. 14, 22. mars 1890, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. janúar 1918.

Í stjórnarráði Íslands, 2. nóvember 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.